

Nd. 170. Frumvarp til laga [138. mál]
um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þar sem eitt sveitarfélag stendur að iðnfræðsluskóla á móti rikissjóði, tilnefuir hlutaðeigandi sveitarstjórn fjóra skólanefndarmenn.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. orðist:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms í þeim iðngreinum, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla, alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, sbr. þó 45. gr.

3. gr.

Á eftir 2. tl. 22. gr. komi:

Iðnfræðsluráð getur áskilið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að nemandi hafi hlotið tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn.

Þá er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að ákveða, að almenn inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla skuli vera staðlað gagnfræðapróf. Slík breyting skal tilkynnt með a. m. k. eins árs fyrirvara.

4. gr.

Aftan við 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Iðnfræðsluskólar skulu greiða slysatryggingariðgjald samkvæmt lögum um al-

mannatryggingar vegna þeirra nemenda, sem nám stunda í verknámsskóla iðnaðarins, enda séu þeir nemendur ekki á staðfestum námssamningi.

5. gr.

Á eftir 2. tl. 35. gr. komi nýr liður:

3. Hafi nemandi fatlazt, andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða áður, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum þáttum iðngreinar, enda hljóti slíkur nemandi aldrei meistarábréf, þótt hann standist verklegt próf.

6. gr.

Í stað 1.—3. mgr. 44. gr. komi:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, sbr. 12. gr., helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967, 7. og 11. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um að standa sameiginlega að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið skv. 12. gr., að standa einu eða ásamt fleirum að skólanum á móti ríkissjóði.

7. gr.

45. gr. hljóði þannig:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, — greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967, eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á náms-samning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið.

Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Námsvistargjald samkv. lögum þessum er fullt framlag sveitarfélags samkv. 1. mgr. þessarar gr. svo og greiðsla miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkv. 44. gr. þessara laga. Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds samkvæmt þessari grein, milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína.

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistarskólum, svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samhljóða frv., er menntamálanefnd neðri deildar Alþingis flutti á síðasta þingi að beiðni menntamálaráðherra, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 14. október 1969, var iðnfræðslunefnd falið að endurskoða ákvæði laga nr. 68/1966 um iðnfræðsluskóla, skólanefndir og önnur ákvæði, er lúta að samstarfi fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur iðnfræðsluskóla. Síðar var vísað til nefndarinnar nokkrum fleiri atriðum, sem ráðuneytið og/eða iðnfræðsluráð taldi rétt að taka til athugunar í sambandi við þessa endurskoðun laganna.

Ástæður þess, að ráðuneytið fól nefndinni að taka umrædd ákvæði laganna til endurskoðunar, eru í meginatriðum þær, sem nú skal greina:

Með lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu, var m. a. stefnt að því að fækka iðnskólum verulega frá því, sem verið hefur, eða úr 22 skólum í 10 skóla. Í þessu skyni er í lögnum gert ráð fyrir að skipta landinu í 8 skólaumdæmi, sem í meginatriðum falli saman við núverandi kjördæmi landsins, og gert ráð fyrir einum skóla í hverju umdæmi, nema í Suðurlandsumdæmi og Reykjanesumdæmi, þar gera lögin ráð fyrir tveimur skólum í hvoru umdæmi, sbr. 12. gr. laganna.

Samkvæmt 44. og 45. gr. er svo ákveðið, að sveitar- og sýslusjóðir hvers umdæmis greiði sameiginlega stofn- og rekstrarkostnað viðkomandi skóla að hálfu á móti ríkissjóði.

Frá því er lög þessi tóku gildi, hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að koma á samstarfi milli sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla í samræmi við lögin. Hafa þær tilraunir einkum beint að þeim skólaumdæmum, þar sem þörfin er ríkust á því að koma á fót skólum, þ. e. Reykjanesumdæmi, Austurlandsumdæmi og Norðurlandsumdæmi vestra.

Er skemmst af því að segja, að þessar tilraunir hafa ekki borið tilætlaðan árangur, og hefur ekki tekizt að koma á samstarfi sveitarfélaga í þessum skólaumdæmum.

Þau viðhorf sveitarstjórna, sem valdið hafa því, að ókleift hefur reynt að koma á umræddu samstarfi, má draga saman í þrjú meginatriði.

- 1) Sveitarstjórnir, sem starfrækt hafa iðnskóla á grundvelli áður gildandi laga, eru ófúsar til þess að leggja þá skóla niður og taka þátt í stofnun og rekstri skóla í öðru sveitarfélagi, þótt innan sama kjördæmis sé.
- 2) Skiptar skoðanir eru innan hinna ýmsu skólaumdæma um það, hvar hentugast sé að hafa skólasetur. Hafa deilur um þetta komið í veg fyrir samstarf um skóla.
- 3) Sveitarstjórnir, sem ekki hafa áður starfrækt skóla af þessu tagi, telja nemendum úr sínu byggðarlagi henta betur að sækja annan skóla en þann, sem staðsettur er í skólaumdæminu, eða vilja a. m. k. hafa valfrelsi í þessum efnum.

Við þetta má svo bæta viðhorfi þeirra sveitarstjórna, þar sem skólasetur hafa verið ákveðin, en þær hafa ekki treyst sér, þrátt fyrir brýna þörf fyrir skólabyggingar, til þess að hefjast handa um framkvæmdir vegna óvissu um hlutdeild annarra sveitarfélaga í stofn- og rekstrarkostnaði skólanna.

Nefndin hefur rætt þessi sjónarmið ýtarlega, auk þess sem Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands isl. sveitarfélaga, kom á fund hennar til viðræðna um viðhorf sveitarfélaganna. Enn fremur fékk nefndin á sinn fund Torfa Ásgeirsson, deildarstjóra í Efnahagsstofnuninni, til viðræðna um þessi mál.

Að loknum þessum umræðum er það samdóma álit nefndarinnar, að meginstefna gildandi laga sé rétt, sem sé sú að stefna að fáum stórum skólaumdæmum, og að ekki komi til greina að gera breytingar á lögnum, sem hefðu í för með sér frekari fjölgun iðnskóla frá því, sem lögin gera ráð fyrir. Þvert á móti hlýtur sú spurning að vakna, hvort með 10 skólum með nauðsynlegum búnaði sé ekki meira í fang færzt en þjóðfélagið hafi í raun tök á að sinni.

Nefndin telur þó ekki efni til að gera tillögur um frekari fækkun að svo stöddu. Kemur þar hvort tveggja til, að viðkomandi yfirvöld hafa í hendi sér að ákveða, hve hratt uppbyggingu þessara skóla miðar, svo og hitt, að yfir stendur endurskoðun

fræðslukerfisins í heild, en sú endurskoðun getur að sjálfsögðu haft áhrif á endanlegan fjölda umræddra skóla og tengsl þeirra við fræðslukerfið.

Kemur þá til álita, með hvaða hætti sé unnt að leysa úr þeim vanda, sem nú steðjar að og á orsakir sínar í því, að ekki hefur tekizt að gera gildandi ákvæði virk í framkvæmd, með þeim afleiðingum, að ekki hefur reynzt unnt að koma upp skólahúsnæði í samræmi við tilgang téðra laga, þrátt fyrir brýna þörf.

Að dómi nefndarinnar kemur hér einkum tvennt til greina:

I. Þegar litið er til þeirrar sérstöðu, sem iðnfræðsluskólar hafa í íslenskum fræðslukerfi, þ. e. þess, að þeir eru í eðli sínu framhaldsskólar, sem taka við, þar sem miðskóla lýkur, og að í þá á aðeins erindi hluti þeirra unglinga, sem miðskólánámi ljúka, kemur fyllilega til greina, að ríkið eitt standi undir stofn- og rekstrar-kostnaði þessara skóla svo sem annarra framhaldsskóla.

Hefur þetta sjónarmið t. d. komið fram í samþykkt fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Slík breyting verður þó vart gerð, nema samtímis eigi sér stað breyting á verk-efnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heild. Á þessu stigi treystir nefndin sér því ekki til þess að gera tillögu í þessa átt, en telur eðlilegt, að slík breyting verði tekin til athugunar í sambandi við frekari umræður um ofangreinda breytingu á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

II. Samkvæmt framansögðu telur nefndin, að enn um sinn verði að gera ráð fyrir því, að stofn- og rekstrarkostnaður iðnfræðsluskóla skiptist á ríki og sveitarfélög með þeim hætti, sem lög um iðnfræðslu og lög um skólakostnað gera ráð fyrir. Hins vegar ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir, að ósamkomulag sveitarfélaga innan einstakra skólaumdæma hindri, að nauðsynlegum skólastofnunum verði komið upp.

Tryggja verður með ákvæðum í löggjöfinni, að eitt eða fleiri sveitarfélög geti stofnað og rekið iðnfræðsluskóla í samræmi við ákvæði laganna á þeim stöðum, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið, þótt ekki náist samkomulag milli allra sveitarfélaga, sem að skóla ættu að eiga aðild. Gera verður þó þá kröfu, að þær sveitarstjórnir, sem stofna og reka skólana, fái greiddan þann kostnað, sem þær verða fyrir vegna skólasóknar nemenda úr sveitarfélögum, sem ekki kjósa að eiga aðild að skóla.

Þessu marki telur nefndin, að megi ná með þeim hætti, að þær sveitarstjórnir, sem ekki standa að skólum þessum, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr umdæmi sínu, sem þessa skóla sækja. Gjald þetta yrði við það miðað, að það eða þau sveitarfélög, sem starfrækja skóla, fái greiddan rekstrarkostnað, sem leiðir af skólasókn nemenda úr öðrum sveitarfélögum, svo og eðlilega hlutdeild í stofnkostnaði þeim, sem lagður er fram af öðrum en ríkinu.

Á framangreindum grundvelli hefur nefndin samið meðfylgjandi frumvarp til breytinga á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frumvarpið fjallar enn fremur um nokkur önnur atriði, sem eins og áður er getið hefur verið beint til nefndarinnar. Verður gerð nánari grein fyrir þeim atriðum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Tilnefning í skólanefndir samræmd ákvæðum 6. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Skylda iðnskóla til þess að taka við nemendum takmörkuð við þær iðngreinar, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla. Er þetta nauðsynlegt, svo að unnt sé að koma við eðlilegri verkaskiptingu milli skólanna. Þá er skylda skólanna til þess að taka við nemendum úr sveitarfélögum, sem ekki eiga aðild að skóla, takmörkuð við það, að hlutaðeigandi sveitarfélag greiði námsvistargjald skv. 7. gr. frv.

Um 3. gr.

Reynslan hefur sýnt, að meðan miðskólapróf gildir sem inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla, er óhjákvæmilegt að hafa heimild til þess að áskilja lágmarkseinkunnir í tilteknum greinum, m. a. vegna þess, að miðskólapróf er ekki staðlað. Fyrri málsgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir slíkri heimild.

Í síðari mgr. er hins vegar gert ráð fyrir heimild til handa ráðherra til þess að ákveða, að gagnfræðapróf megi áskilja til inngöngu í iðnfræðsluskóla (iðnskóla og verknámsskóla). Ástæðan til þess, að rétt þykir að afla slíkrar heimildar, er fyrst og fremst sú, að með þeirri samræmingu námsefnis á gagnfræðastigi, sem undanfarið hefur átt sér stað og stefnir að því, að gagnfræðaprófið verði orðið landspróf 1972, ættu að skapast möguleikar til þess, að iðnfræðsluskólar geti látið niður falla kennslu í almennum bóknámsgreinum, en einbeitt sér að sérgreina- og faggreina-kennslu, sem miðuð væri við sérstakar þarfir iðnaðarins í hverri grein.

Með slíkri tilhögun yrði væntanlega unnt að gera hvort tveggja í senn, að auka verknámsskennslu í skólunum, en stytta þó heildartíma. Slíkt er að dómi nefndarinnar tvímælalaust það markmið, sem ber að stefna að.

Þykir því nauðsynlegt, að ráðherra hafi heimild til þeirra breytinga á inntökuskilyrðum, sem hér er lagt til, en gert ráð fyrir, að slík breyting eigi sér nokkurn aðdraganda.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að iðnfræðsluskólum sé gert að skyldu að slysatryggja þá nemendur sína, sem nám stunda í verknámsskóla, með þeim hætti að greiða iðgjald til slysatrygginganna. Nemendur verknámsskólans eru yfirleitt ekki á námssamningi hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki og því ekki slysatryggðir, svo sem raunin er á um þá iðnnema, sem á námssamningi eru. Þykir nauðsyn bera til, að nemendur verknámsins séu tryggðir í sama mæli og aðrir nemendur iðnfræðsluskóla. Þar sem á þessu stigi námsins er ekki til að dreifa meisturum eða fyrirtækjum, þykir rétt, að skólarnir sjálfir annist um slysatryggingu nemenda og beri af því kostnað, enda nemendurnir alfarið á vegum og ábyrgð skólanna.

Um 5. gr.

Í 129. gr. reglugerðar um iðnfræðslu, nr. 143 15. sept. 1967, er ráðuneytinu veitt heimild til þess að veita undanþágu frá iðnskólanámi og leyfi til sveinsprófs með vissum takmörkunum þeim nemendum, sem fatlast andlega eða líkamlega á námstíma sínum.

Hefur slík heimild verið í öllum reglugerðum, sem settar hafa verið um iðnfræðslu frá árinu 1952, enda framkvæmd þessa ákvæðis verið ágreiningslaus fram til síðasta árs. Það gerðist hins vegar á síðast liðnu ári, að sveinafélag fékk sett lög-bann við útgáfu sveinsbréfs til manns, sem fengið hafði slíka undanþáguheimild og staðizt sveinspróf. Náði lögbannið fram að ganga á þeim forsendum, að ákvæðið bresti stoð í lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Það er álit iðnfræðsluráðs, að nauðsyn beri til, að umrætt ákvæði sé fyrir hendi, og gerir því nefndin tillögu um, að heimildin verði lögfest.

Um 6. gr.

Hér er opnuð heimild til þess, að unnt sé að stofna til skólahalds á þeim stöðum, þar sem skólasetur hafa verið ákveðin, þótt ekki náist samkomulag allra sveitarfélaga í umdæmunum. Er gert ráð fyrir, að ýmist standi það sveitarfélag eitt að skóla, þar sem skólasetur er, eða í samvinnu við önnur, þótt ekki sé um öll sveitarfélögin að ræða.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að þau sveitarfélög, sem ekki kjósa að eiga aðild að skóla síns umdæmis, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr sveitarfélag-

inu, sem nám stunda við iðnfræðsluskóla, sem stofnaðir eru og reknir af öðrum sveitarfélögum.

Í því skyni að auðvelda uppgjör skv. ákvæðum þessarar greinar er gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi það á hendi, enda munu öll sveitarfélög landsins hafa samskipti við sjóðinn.